



HAFNARFJÖRÐUR

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum – 27. mál.

Vísað er í tölvupóst frá Velferðarnefnd Alþingis dags. 18. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint þingmál. Vísað er til fyrri umsagnar vegna frumvarpsins.

Gerð er athugasemd við ákvæði um akstursþjónustu í frumvarpinu þar sem m.a. segir að fatlað fólk skuli eiga kost á akstursþjónustu sem miðar að því að það geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kys og á þeim tíma sem það velur gegn viðráðanlegu gjaldi. Komi þetta ákvæði til framkvæmda mikilvægt að fjármagn fylgi en fyrir liggur að um verulegan kostnaðarauka er að ræða fyrir sveitarfélögin.


Lögð er áhersla á skipun starfshóps sem endurskoði reglur um fjárhagsaðstoð og þar verið horft til þróunar og reynslu hvað varðar fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hér á landi og einnig reynslu nágrannabjóða.

Bent er á að skilgreina þarf umfang og ábyrgðarsvið annars vegar stuðningsþjónustu sveitarfélaga vegna sjúkra og aldraðra og hins vegar heilbrigðis- og öldrunarþjónustu.

Lögð er áhersla á skipun samráðsnefndar sem hafi það hlutverk að fylgjast með þróun og kostnaði við félagsþjónustu næstu árin. Skipun nefndarinnar verði tryggð með stoð í lögum.

Tekið er undir og stutt við framkomnar umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

Hafnarfjörður 22. janúar 2018


Rannveig Einarsdóttir,

Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar